

Fundur í umhverfisnefnd 13. janúar 2017

Mættir: Arnþór, Fanney, Aldís, Oddur, Ylfa, Mikael, Freyja, Tristan, Císa, María, Helena og Sigga Lára.

Helena bauð fundarmenn velkomna. Í fyrsta skipti í vetur eru allir mættir.

1. Matarvigtun. Nemendur vigta matarleifar í heila viku, 9. bekkur sóaði engu í heila viku, var með 0 gr í matarsóun. 3. bekkur sóaði 41 gr og 6. bekkur var með 50 gr. Í viðurkenningaskyni fær 9. bekkur að velja hvað verður í matinn.
2. Sjálfbæra hillan tilbúin. Hægt að setja hluti sem við erum hætt að nota í hilluna og leyfa öðrum að nota. Markmiðið að reyna að nýta auðlindir jarðar vel. Sendum póst á foreldra. Leikföng, bækur og föt eða hvað annað sem okkur dettur í hug.
3. Rafmagnsmælingar, mælum notkun í 2 vikur án hvatningar og síðan í beinu framhaldi í aðrar tvær vikur með hvatningu. Án hvatningar: 16. janúar – 29. janúar. Sparnaðarvikur: 30. janúar – 12. febrúar.
4. Varðeldur, hvernig tengist það umhverfismennt í skólum? Til þess að þykja vænt um náttúruna er gott að fara út og njóta. Tókst vel.
5. Dagur umhverfisins, ef nefndarmenn hafa hugmynd um fræðslu eða fyrirlestur mega þeir með koma með tillögur á næsta fund.
6. Nefndarmenn eru duglegir að losa flokkunarílát og ætla að halda því áfram.
7. Myndataka

Fundi slitið kl. 13:36